



Íslensk ættleiðing annast sendingu umsóknar og fylgiskjala til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Nafn væntanlegs kjörforeldris		Kennitala
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður	Póstnúmer	Sími

Nafn væntanlegs kjörforeldris		Kennitala
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður	Póstnúmer	Sími

Nafn barns samkvæmt þjóðskrá		Kennitala barns
Upprunaland barns	Ríkisfang	Komudagur barns til Íslands

Við / Ég undirrituð / undirritaður fengum heimild þann (dagsetning hinnar erlendu ákvörðunar) til að fara með barnið til Íslands til að ættleiða það á grundvelli forsamþykkis sem gefið var út (dagsetning) af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

**Undirrituð/að verðandi kjörforeldrar / kjörforeldri barnsins óskum / óskar eftir að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefi út leyfi til ættleiðingar á barninu á grundvelli meðfylgjandi fylgiskjala og áður útgefins forsamþykkis.**

**Einnig er óskað eftir að gefin verði út 23. gr. staðfesting.**

Skjöl sem fylgja umsókninni, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005:

Erlend ákvörðun um heimild væntanlegra kjörforeldra / kjörforeldris til að fara með barnið til Íslands til að ættleiða það.

Skjal er sýni að megi ættleiða barnið.

Fæðingartorð barnsins.

Heilsufarsskýrsla barnsins ef unnt er.

Erlent vegabréf barnsins.

Ef framangreind gögn eru á öðru tungumáli en ensku, skal fylgja staðfest þýðing þeirra, á ensku eða íslensku.

Leggja þarf frumrit skjalanna fram með umsókninni. Frumrit ættleiðingarleyfis og frumrit fylgigagna verða send kjörforeldri / kjörforeldrum í rekjanlegu bréfi nema óskað sé eftir að sækja gögnin til sýslumanns að lokinni afgreiðslu.

Skjölín óskast send kjörfor. með rekjanlegu bréfi. Kjörfor. sækja skjölín Íslensk ættleiðing sækir skjölín.

Greiðsla fyrir ættleiðingarleyfið kr. 5.000 verður millifærð á reikning 0303-26-6924, kennitala 650914-2520.

Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri:	
Ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund. Við gerum okkur grein fyrir að rangar upplýsingar í umsókn þessari varða refsíabýrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.	
Dagsetning og undirskrift kjörforeldris:	Dagsetning og undirskrift kjörforeldris:

Umsókn þessari verður komið á framfæri við sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu. Dagsetning og undirskrift af hálfu Íslenskrar ættleiðingar:
--



## Upplýsingar til umsækjenda

Eyðublað þetta er ætlað þeim sem fengið hafa barn erlendis til ættleiðingar á Íslandi, fyrir milligöngu Íslenskrar ættleiðinga (ÍÆ), á grundvelli forsamþykkis útgefnu af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Meðferð erindisins felst í könnun framlagðra gagna. Ef gagn vantar er upplýsingum um það beint til ÍÆ og gefinn kostur á að bæta úr. Ættleiðingarleyfi er gefið út þegar skilyrði þess teljast uppfyllt. Frumrit ættleiðingarleyfis ásamt frumritum annarra fylgigagna eru send kjörforeldri / kjörforeldrum í rekjanlegu bréfi nema óskað sé eftir að sækja gögnin að lokinni afgreiðslu. Upplýsingar um að ættleiðingarleyfið eru sendar Þjóðskrá Íslands. Í kjölfarið er skráningu á ríkisfangi barns breytt í þjóðskrá, ásamt nafni ef óskað hefur verið eftir nafnbreytingu. Kjörforeldrar verða jafnframt skráðir með forsjá barns.

Varðandi réttaráhrif ættleiðingar er bent á nánari [upplýsingar á vefsíðu sýslumanna](#).

Vakin er athygli á þessum laga- og reglugerðarákvæðum:

**Lög um ættleiðingar nr. 130/1999.** <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999130.html>

25. gr. *Réttaráhrif.*

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmönnum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

38. gr. *Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.*

Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

Sýslumaður getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

**Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952.** <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1952100.html>

2. gr. a.

Barn, undir 18 ára aldri, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef:

a. ættleiðingarleyfi er gefið út hér á landi,

b. ættleiðingarleyfi er gefið út erlendis og íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt að það gildi hér á landi samkvæmt lögum um ættleiðingar.

**Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009.** <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/453-2009>

13. gr.

Þegar barn er komið hingað til lands skal félagið senda sýslumanni umsókn væntanlegra kjörforeldra um ættleiðingu þess (...) hafi ættleiðing ekki verið veitt í upprunaríki barnsins.

Umsókn skal fylgja leyfi þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls í upprunaríki barnsins til væntanlegra kjörforeldra þess til að fara með barnið úr landi til Íslands í því skyni að það verði ættleitt hér á landi. Vegabréf barnsins og önnur gögn frá upprunaríki þess sem tengjast fyrirhugaðri ættleiðingu skulu og fylgja umsókn.

14. gr.

Ef upprunaríki barns er aðili að Haagsamningnum skal félagið, þegar barnið er komið til landsins, senda sýslumanni umsókn kjörforeldra um skriflega viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á gildi ættleiðingar sem veitt hefur verið í upprunaríkinu (...) Skal umsókn kjörforeldra fylgja staðfesting þar til bærs stjórnvalds í upprunaríki barnsins um að ættleiðingin hafi farið fram, sbr. 1. mgr. 23. gr. samningsins, ásamt vegabréfi barnsins og öðrum gögnum frá upprunaríki þess, sem tengjast ættleiðingunni.

**Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.** <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/238-2005>

3. mgr. 3. gr. *Fylgigögn.*

Þegar sótt er um ættleiðingarleyfi á grundvelli forsamþykkis [...] eða um staðfestingu [...] á réttaráhrifum ættleiðingar barns erlendis skulu fylgja hið erlenda ættleiðingarskjal eða erlendur dómur er sýni að lögráð barnsins hafi verið fengin umsækjendum í því skyni að það verði ættleitt hér á landi, erlent vegabréf barnsins og skjal er sýni að mátt hafi ættleiða barnið. Enn fremur fæðingavottorð barns og heilsufarsskýrsla þess, ef unnt er. Íslensk þýðing skal fylgja ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku.

20. gr. a. *Skráning barns.*

Þeir sem búsettir eru hér á landi og hafa annað hvort fengið leyfi erlendra stjórnvalda til ættleiðingar barns, á grundvelli forsamþykkis sýslumanns, eða hafa fengið heimild erlends ríkis til að barn verði ættleitt hér á landi, á grundvelli forsamþykkis sýslumanns, skulu innan 7 daga frá komu barns hingað til lands skrá það í þjóðská. Framvísa skal erlendum ættleiðingargögnum s.s. erlendu ættleiðingarskjali eða dómi, sem sýni að lögráð barns hafi verið fengin umsækjendum í því skyni að það verði ættleitt hér á landi. Þá skal og framvísa ferðaskilríkjum barns. Við skráningu barnsins í þjóðskrá verður því úthlutað kennitölu.



## Beiðni um útgáfu leyfis til ættleiðingar

á erlendu barni á grundvelli forsampykkis  
útgefnu af íslenskum stjórnvöldum

### Upplýsingar Þjóðskrár Íslands, [www.skra.is](http://www.skra.is) um skráningu ættleidds barns í þjóðskrá:

Óskað er eftir skrá barn í þjóðskrá á eyðublaði A-170, beiðni um skráningu barns sem fætt er erlendis í þjóðskrá. Tilgreina þarf flutningsdag til Íslands og leggja fram þau fylgiskjöl sem óskað er eftir. Við skráningu í þjóðskrá er barn skráð á lögheimili kjörforeldra og jafnframt tengt við fjölskyldunúmer þeirra. Nafn og ríkisfang barns er skráð samkvæmt fæðingarvottorði og vegabréfi. Þegar sýslumaður hefur gefið út staðfestingu á ættleiðingu er ríkisfangi barns breytt ásamt nafni ef óskað hefur verið eftir nafnbreytingu. Kjörforeldrar verða jafnframt skráðir með forsjá barns.

**Beiðni um nafnbreytingu** er lögð fram hjá Þjóðskrá Íslands á eyðublaði A-114, beiðni um breytingu á nafni barns.